

Alþingi
Erindi nr. P 13S/2660
komudagur 13.5.2008.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 8. maí 2008
HSv/SLB/029/08

Efni: Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál.

Vísað er til erindis félags- og tryggingamálanefndar Alþingis frá 22. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda tillögu.

Tryggingastofnun telur það horfa til framfara að gerð sé heildstæð framkvæmaáætlun í málefnum innflytjenda sem stjórnvöld skuli fylgja með það „að markmiði að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína”, eins og segir í tillögunni.

Framkvæmdaáætlunin mun án efa verða til þess að gert verði samstillt átak innan stjórnsýslunnar á næstunni til að ná þeim markmiðum sem þarna eru sett. Þá er það einnig farsælt, að lagt sé upp með að stjórnvöld hafi sem viðtækast samstarf við samfélag innflytjenda sjálfra, svo og atvinnulífið, um framkvæmd áætlunarinnar.

Um kafla II. Heildstæð framkvæmdaáætlun.

Almannatryggingar eru mikilvægur þáttur velferðarsamfélagsins á Íslandi. Innan Tryggingastofnunar er starfsemi og þjónusta í sífelldri endurskoðun. Tryggingastofnun mun leggja áherslu á það á gildistíma áætlunarinnar að skoða sérstaklega hvað megi betur fara í starfsemi og þjónustu svo ná megi markmiðum ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum og vinna að stefnumótun í innflytjendamálum.

Bent skal á að Tryggingastofnun gaf þegar út árið 2001 yfirlitsbækling um íslenskar almannatryggingar „Welcome to Iceland”, sem þýddur hefur verið á mörg tungumál. Undanfarið hefur verið lögð áhersla á upplýsingagjöf á heimasíðu TR. Þar eru nú þegar ítarlegar upplýsingar fyrir innflytjendur um almannatryggingar, aðallega á ensku. Þá hefur Tryggingastofnun einnig lagt til efni um íslenskar almannatryggingar í upplýsingabækling um almannatryggingar á EES svæðinu sem framkvæmdastjórn ESB gefur út reglulega. Bæklingurinn er ætlaður þeim sem flytja á milli EES landanna eða fara á milli í atvinnuskyni. Hann er þýddur öll opinber tungumál ESB og aðgengilegur á upplýsingaveitum framkvæmdastjórnarinnar. Einnig er í undirbúningi norræn vefgátt með upplýsingum um almannatryggingar fyrir þá sem flytja eða fara á milli Norðurlandanna.

Tryggingastofnun telur að við undirbúning frumvarps um aðlögun innflytjenda sem kynnt er í tillögunni sé mikilvægt að tekið verði á sem flestum atriðum þar sem óvissa er, t.d. varðandi túlkun og þýðingar og kostnað við það. Engin sérstök ákvæði eru um innflytjendur eða flóttamenn í lögum um almannatryggingar. Skv. lögnum byggjast

Tryggingastofnun ríkisins

Laugavegi 114

150 Reykjavík

Sími: 560 4400

Bréfsími: 560 4451

tr.is

réttindi til lífeyris- og sjúkratrygginga almannatrygginga aðallega á búsetu, óháð ríkisborgararétti. Í sumum tilvikum kann að vera þörf á sérstökum ákvæðum, vegna sérstöðu þessa hóps. Tryggingastofnun telur að ákvæði um slíkt eigi heima í lögum um almannatryggingar og hvetur til þess að almannatryggingalögin verði skoðuð jafnhliða með tilliti til þess. Sama getur átt við um ýmis sérlög, s.s. um fæðingarorlof og um greiðslur til foreldra langveikra barna

Um kafla IV. Verkefni stjórnvalda

Bent skal á að í lið 3.5 á bls. 15 er ranglega farið með nafn framkvæmdaraðila. Þar á að standa „Þjónustumiðstöð og kynningarmál Tryggingastofnunar ríkisins” og er þess óskað að þetta verði leiðrétt.

Undir lið 3 í kafla IV bætist við verkefnið „Norræn vefgátt um almannatryggingar”. Norrænt samstarfsverkefni um vefgátt með upplýsingum um almannatryggingar fyrir þá sem flytja eða fara á milli Norðurlandanna. Aðgengilegar upplýsingar um almannatryggingar og reglur sem gilda þegar flutt er á milli norrænu landanna. Á öllum norrænu málunum auk ensku.

Framkvæmd: Tryggingastofnun ríkisins

Samstarfsaðilar: Tryggingastofnanir á Norðurlöndunum

Tímabil: 2008-2009

Kostnaðaráætlun:

Fjármögnun: Smíði vefsins er fjármögnuð af Norðurlandaráði. Kostnaður við eigin vinnuframlag og þýðingar er borinn af Tryggingastofnun. Tryggingastofnanir Norðurlandanna munu greiða rekstrarkostnað í samræmi við fyrirhugað samkomulag.

Árangur/mat: Gerð verður notendakönnun af hálfu verkefnisstjórnar og ritnefndar

Afurð: Norræn vefgátt um almannatryggingar

Virðingarfyllst,



Sigríður Lilly Baldursdóttir,
Förstjóri.